

Alþingi  
Erindi nr. P 138/2126  
komudagur 10.5.2010

Reykjavík 6. maí 2010.

Utanríkismálanefnd Alþingis  
Skrifstofa Alþingis  
150 Reykjavík

**Efni: Umsögn um frumvarp til varnarmálalaga (afnám Varnarmálastofnunar),  
581. mál.**

SFR – stéttarfélag leggur áherslu á að réttarstaða og kjör starfsmanna Varnarmálastofnunar verði vel tryggð við væntanlegar breytingar og að tilfærsla verkefna verði innan ríkiskerfisins. SFR gerir eftirfarandi athugasemdir:

- 1) Setja þarf inn skýringar á ráðningarsambandi og réttarstöðu starfsmanna, sem fjallað er um í 19. greininni, 5. tölulið. Ekki er nægjanlega skýrt hvað er átt við með greininni og verður að taka af allan vafa. Í lögfræðialiti sem samið var fyrir stjórnendur Varnarmálastofnunar kom fram eftirfarandi túlkun á umræddum 5. tölulið;

Samkvæmt þessu verður bráðabirgðaákvæðið skilið á þann veg að því felist:

- að allir starfsmenn VMSÍ muni ljúka störfum við niðurlagningu stofnunarinnar þann 1. janúar 2011.
- að starfsmönnum sem vinna við verkefni sem vexa flutt til annarra ríkisstofnana fyrir 1. janúar 2011 sé tryggður réttur til að halda því starfi til 1. janúar 2011.
- að ríkið skuldbindur sig ekki til að tryggja starfsmönnum VMSÍ störf við sömu eða sambærileg verkefni hjá nýjum stofnunum eftir 1. janúar 2011.

Þessi skilningur er rangur samkvæmt utanríkisráðuneytinu. SFR spurðist fyrir um merkingu þessarar greinar hjá ráðuneytinu og svar þess var eftirfarandi;

*„Lögmaðurinn skilur ákvæðið svo að dagsetningin vísi til þess að ráðningarsamband starfsmanna við nýja stofnun skuli eingöngu standa til áramóta. Þetta er misskilningur. Dagsetningin vísar til þess að samningsgerð utanríkisráðherra við stofnun, sem tekur við verkefni, geti átt sér stað á tímabilinu frá gildistöku laganna til 1. janúar 2011. Fyrir 1. janúar 2011 á að vera búið að gera verksamninga og samninga um rekstrarverkefni sem flytja verkefni til annarra stofnana. Boð til starfsmanna Varnarmálastofnunar um störf hjá öðrum stofnunum, sem við verkefnum taka, myndi einnig koma til á því tímabili. Þiggi þeir boð um starf hjá annarri stofnun mun ráðningarsamband stofnast milli starfsmannsins og viðkomandi stofnunar. Það ráðningarsamband stendur þar til því lýkur samkvæmt almennum reglum. Með ákvæðinu er verið að tryggja störf starfsmanna Varnarmálastofnunar hjá annarri stofnun eftir að Varnarmálastofnun er lögð niður.“*

SFR leggur áherslu á að þetta sé vel skýrt í lagatextanum og þeim skýringargögnum sem munu fylgja lögnum.

- 2) Starfsmenn Varnarmálastofnunar hafa búið við afar óvenjulegar aðstæður hvað launasetningu og tilvist stofnunarinnar varðar. Óöryggi og óvissa hefur einkennt síðustu misseri. Við niðurlagningu Ratsjárstofnunar tók við millibilsástand og stofnun Varnarmálastofnunar fylgdi síðan í kjölfarið. Við ráðningu starfsmanna til Varnarmálastofnunar var starfsmönnum heitið launa- og stafskjörum, sem tóku mið af kjörum þeirra hjá Ratsjárstofnun. Um launalækkun var þó að ræða við þessa breytingu. Mikilvægt er að tryggja að þau fyrirheit haldi sem gefin voru við breytingarnar um launakjör. Það mætti meðal annars gera í skýringartexta með lögnum, þar sem fram kæmi að við flutninginn til annarra starfsstöðva skuli nýr vinnuveitandi taka mið af heildarlaunakjörum starfsmanna hjá Varnarmálastofnun og virða þau. Þetta er sérlega mikilvægt í ljósi þess að við launasetninguna hjá Varnarmálastofnun var launakjörum komið fyrir í samsettum heildarlaunum (grunnlaun, yfirvinna, bakvaktir o.þ.h.) til að ná ákveðinni krónutölu í launum. Mikilvægt er að við þessi fyrirheit verði staðið og að launasetning starfsmanna verði ekki rýrð á nýjum vettvangi.
- 3) SFR – leggur ríka áherslu á að verkefni Varnarmálastofnunar verði áfram innan ríkiskerfisins. Það verði gert með því að flytja verkefni til annarra ríkisstofnana allt eftir því hvar þau eiga best heima eðli máls samkvæmt.
- 4) SFR leggur til við þessa breytingu að sérstaklega verði greint frá því hvernig farið verði með biðlaunarétt þeirra starfamanna sem eiga þann rétt. Góð fordæmi eru til frá stofnun Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar ohf og stofnunar Matis ohf. Af tillitssemi og virðingu fyrir réttindum starfsmanna þá var öllum sem til þess áttu rétt, boðið að hefja töku biðlauna á stofn­degi hins nýja félags. Mikilvægari reyndist þó sá réttur sem ákvörðun var tekin um, að halda biðlaunaréttinum virkum fyrstu 4 og 6 mánuðina eftir að hin nýju félög hófu starfsemi. Það fyrirkomulag reyndist afar heilladrjúgt. Eðli málsins samkvæmt var töluverður órói meðal starfsmanna vegna ofangreindra breytinga og flutnings milli vinnustaða. Því hugðust margir nota biðlaunarétt sinn. Með framlengingu réttarins inn í virkt ráðningarsamband á nýjum stað, komst ró á þau mál og margir hæfileikaríkir starfsmenn með mikla þekkingu fundu öryggi á nýjum stað og hættu við að hætta. Þekkingin varð áfram til í hinni nýju stofnun og getan til lausnar verkefnunum varð því áfram til í hinu nýja og breytta rekstrarformi.

Virðingarfyllst fyrir hönd SFR – stéttarfélags

---

Þórarinn Eyfjörð  
framkvæmdastjóri

#### Fylgiskjöl

- 1) Minnisþing frá lögmönnum um réttarstöðu starfsmanna
- 2) Tölvupóstur frá Helgu Hauksdóttur mannauðsstjóra utanríkisráðuneytisins

Helga Hauksdóttir

Stjórnarráðgjafi Varnarmálastofnunar - bráðabirgðaákvæði um laga. is

## MINNISPUNKTAR

Efni: Réttarstaða starfsmanna Varnarmálastofnunar - bráðabirgðaákvæði frumvarps til laga um breytingu á varnarmálalögum nr. 34/2008.

Að beiðni Varnarmálastofnunar (VMSÍ) dags. 8. apríl sl. fylgir hér á eftir túlkun undirritaðra á bráðabirgðaákvæði sem lagt hefur verið fram í frumvarpi til laga um breytingu á varnarmálalögum nr. 34/2008. Er þess óskað að greint verði hvað ríkið skuldbindur sig til að gera gagnvart ráðningum starfsmanna VMSÍ samkvæmt ákvæðinu.

Það skal áréttað að hér er um að ræða frumvarp til laga og því getur ákvæðið tekið breytingum við meðferð þingsins. Mikilvægt er að VMSÍ leggi sin lóð á vogarskálarnar til að stuðla að því að ákvæðinu verði breytt starfsmönnum til hagsbóta, í það minnsta að í frumvarpinu verði með skýrari hætti gerð grein fyrir stöðu starfsmanna VMSÍ við niðurlagningu/sameiningarferli stofnunarinnar.

Samkvæmt frumvarpinu skal bráðabirgðaákvæði nr. 5 hljóða svo:

*"Starfsfólki Varnarmálastofnunar, sem við gildistöku laga þessara fæst við þau verkefni sem kunna að verða falið öðrum stofnunum, skal boðið starf hjá þeim ríkisstofnunum sem falið verða verkefni samkvæmt lögum þessum til 1. janúar 2011, sbr. 7. gr. a. Ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði."*

Helga Hauksdóttir

Í athugasemdum með frumvarpinu er ákvæðið ekki skýrt frekar. Án frekari skýringa liggur því beinast við að túlka ákvæðið samkvæmt orðanna hljóðan. Það eru einkum tvö atriði í ákvæðinu sem koma hér til sérstakrar skoðunar, sbr. hinn feitletraði texti hér að ofan.

Fyrri atriðið er tilvísun ákvæðisins til þess að það varði einungis það starfsfólk sem fæst við þau verkefni sem kunna að verða falið öðrum stofnunum. Með því orðalagi er gefið til kynna að innan VMSÍ kunni að vera verkefni sem ekki verða flutt til annarra stofnana, þ.e. að þau verði endanlega lögð niður. Hvorki í frumvarpinu né í þeirri skýrslu sem frumvarpið byggir fyrst og fremst á (Skýrsla starfshóps um öryggismál og endurskipulagningu Stjórnarráðsins) kemur hins vegar fram hvaða verkefni geti hér verið um að ræða. Í umræddri skýrslu er lagt til að fram fari sérstök greining á verkefnum VMSÍ sem geti leitt til að einhverjum verkefnum verði hætt. Ekki er vitað til þess að slík vinna sé hafin. Af þessu má þó sjá áherslu á að einhver verkefni VMSÍ verði lögð endanlega niður sé þess kostur.

Samkvæmt þessu getur því komið til þess að tiltekin verkefni VMSÍ verði endanlega lögð niður í kjölfar fyrirhugaðra breytinga, og þar með falli niður þau störf sem þeim verkefnum fylgja. Er það að mörgu leyti eðlileg afleiðing þess að stofnanir eru sameinaðar og jafnvel forsenda sameiningar/niðurlagningar ef hún er grundvölluð á hagræðingar- og sparnaðarsjónarmiðum. Komi til þessa má gera ráð fyrir því að sú verkefnisstjórn sem mynduð verður samkvæmt frumvarpinu muni tilkynna viðkomandi starfsmönnum um uppsagnir með skriflegu erindi.

Síðara atriðið sem vekur athygli í ákvæðinu er að þeim starfsmönnum sem sinna verkefnum sem falin verða öðrum stofnunum sé boðið að halda starfi sínu áfram, en einungis til 1. janúar 2011, þ.e. til þess tíma sem VMSÍ verður formlega lögð niður samkvæmt frumvarpinu. Sú spurning sem vaknar hér er hver verði staða viðkomandi starfsmanna að þeim tíma liðnum. Sem fyrr segir er engar nánari skýringar að finna á því í frumvarpinu. Hér verður því sem fyrr að leggja mat á efni ákvæðisins samkvæmt orðanna hljóðan. Samkvæmt því felur ákvæðið í sér að komi til þess að tiltekin verkefni VMSÍ verði í kjölfar laganna falin öðrum stofnunum, þ.e. innan ársins 2010, þá verði þeim starfsmönnum sem hafa sinnt þeim verkefnum fyrir VMSÍ boðinn tímabundinn ráðningarsamningur, án auglýsingar, til að sinna því starfi hjá þeirri stofnun sem við verkefninu tekur, allt þar til VMSÍ verður formlega lögð niður þann 1. janúar 2011. Ekki verður annað séð en að þeim tíma liðnum séu viðkomandi störf laus og að þau verði auglýst samkvæmt 2. mgr. 7. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hafa skal í huga að löggin gera ekki ráð fyrir því að sá sem gegnt hefur starfi sem er auglýst eigi forgangsrétt eða meiri rétt til starfsins nema um annað hafi verið sérstaklega samið.

Samkvæmt þessu verður bráðabirgðaákvæðið skilið á þann veg að í því felist:

- að allir starfsmenn VMSÍ muni ljúka störfum við niðurlagningu stofnunarinnar þann 1. janúar 2011.
- að starfsmönnum sem vinna við verkefni sem verða flutt til annarra ríkisstofnana fyrir 1. janúar 2011 sé tryggður réttur til að halda því starfi til 1. janúar 2011.
- að ríkið skuldbindur sig ekki til að tryggja starfsmönnum VMSÍ störf við sömu eða sambærileg verkefni hjá nýjum stofnunum eftir 1. janúar 2011.

Það skal ítrekað að hér er um að ræða ákvæði sem hefur verið lagt fram í frumvarpi til laga og getur það því tekið breytingum í meðförum þingsins. Komi til þess að Alþingi leiti eftir umsögn VMSÍ um frumvarpið er því mikilvægt að stofnunin komi fram athugasemdum eða andmælum vegna ótryggs starfsöryggis starfsmanna VMSÍ og krefjist þess að ákvæðið og réttarstaða starfsmanna að öðru leyti verði skýrt betur.

14.04.2010

SÓ

*Sigrúnna Ólafsson* 2  
*Barnaþide*

Póstur frá utanríkisráðuneytinu.txt

From: helga.hauksdottir@utn.stjr.is  
Sent: 19. apríl 2010 16:58  
To: Þórarinn Eyfjörð  
Cc: Guðrún H. Sveinsdóttir; helgahauks@mfa.is; Viðar E. Axelsson  
Subject: Re: FW: Message from KMBT\_C353

Komdu sæll þórarinn - og þakka þér fyrir póstinn.

Ég las yfir minnispunkta Sigurvins Ólafssonar, lögmanns, sem fylgdu póstinum þínum. Varðandi atriðin tvö sem lögmaðurinn fjallar um og varða 5. tölulið bráðabirgðaákvæðis vil ég nefna eftirfarandi:

Um fyrra atriðið: Verkefni Varnarmálastofnunar munu ekki hverfa þegar stofnunin verður lögð niður. Þeim verður komið fyrir hjá öðrum stofnunum og það er ætlunin að búið verði gera það áður en að niðurlagningu hennar kemur. Eins og fram kemur í skýrslunni - og Guðmundur B. Helgason áréttaði á fundi með starfsmönnum VMSÍ um daginn - má vera að ráðstöfun verkefna Varnarmálastofnunar muni mynda hluta af stærri umbreytingu sem tengist tilkomu innanríkisráðuneytis og endurskipulagningu undirstofnana þess.

Það er talið nauðsynlegt að viðhalda sveigjanleika yfir aðlögunarferlið um endanlega vistun verkefna.

Utanríkisráðuneytið ber ábyrgð á framkvæmd varnarmálalaga og framkvæmd þeirra verkefna sem þar eru

talin upp. Ekki er hægt að útiloka að ráðuneytið sjálft yfirtaki einhver verkefni þangað til endanlegrar

ráðstöfunar kemur í tengslum við tilkomu innanríkisráðuneytis. Gert er ráð fyrir því að allir starfsmenn

Varnarmálastofnunar vinni áfram við þau verkefni sem stofnuninni hefur verið falið að sinna. Að því gefnu

að til stendur að færa þau verkefni annað áður en stofnunin verður lögð niður ætti að vera ljóst að ekki

stendur til að einhverjir starfsmenn sitji eftir á þeim tímapunkti.

Um seinna atriðið: lögmaðurinn skilur ákvæðið svo að dagsetningin vísi til þess að ráðningarsamband

starfsmanna við nýja stofnun skuli eingöngu standa til áramóta. Þetta er miskilningur. Dagsetningin vísar

til þess að samningsgerð utanríkisráðherra við stofnun, sem tekur við verkefni, geti átt sér stað á tímabilinu

frá gildistöku laganna til 1. janúar 2011. Fyrir 1. janúar 2011 á að vera búið að gera verksamninga og

samninga um rekstrarverkefni sem flytja verkefni til annarra stofnanna. Boð til starfsmanna

Varnarmálastofnunar um störf hjá öðrum stofnunum, sem við verkefnum taka, myndi einnig koma til á því

tímabili. Þiggi þeir boð um starf hjá annarri stofnun mun ráðningarsamband stofnast milli starfsmannsins

og viðkomandi stofnunar. Það ráðningarsamband stendur þar til því lýkur samkvæmt almennum reglum.

Með ákvæðinu er verið að tryggja störf starfsmanna Varnarmálastofnunar hjá annarri stofnun eftir að

Varnarmálastofnun er lögð niður.

Kveðja, Helga Hauksdóttir

Helga Hauksdóttir, mannauðsstjóri / Director, Human Resources  
Utanríkisráðuneytið / Ministry for Foreign Affairs  
Rauðarárstíg 25, 150 Reykjavík  
sími / tel. +354-545-9975, fax +354-552-6227  
e-mail: helgahauks@mfa.is

Póstur frá utanríkisráðuneytinu.txt  
www.utanrikisraduneyti.is

Pórarinn Eyfjörð <thorarinn@sfr.is>  
16.04.2010 15:44

To  
<helgahauks@mfa.is>

cc  
Viðar E. Axelsson <vidar@vmsi.is>, Guðrún Halldóra Sveinsdóttir  
<gudrun@sfr.is>

Subjec

t

FW: Message from KMBT\_C353

Heil og sæl Helga.

Takk fyrir samtalið fyrr í dag.

Ég vísa til þess að í morgun var haldinn starfsmannafundur hjá Varnarmálastofnun. Þar sem fram kom sú túlkun á fyrirbyggjandi lagafrumvarpi, að starfsmenn stofnunarinnar hefðu einungis ráðningarfestu til 1. janúar 2011. Túlkuninni og röksemdafærslunni fyrir henni eru gerð skil í viðhengdu bréfi sem lagt var fram á fundinum.

Eflaust má skýra orðalagið í greininni betur, en ég hef haldi því fram við félagi SFR að hér hljóti að vera átt við að fyrir 1. janúar 2011 eigi að vera búið að ganga frá áframhaldandi ráðningarfestu frá þeim tíma, þ.e.a.s. ráðningu frá 1. janúar og inn í framtíðina.

Þar sem mikill órói er meðal félagsmanna SFR hjá Varnarmálastofnun vegna þessarar óvissu sem leiðir af því bréfi sem er í viðhengi, þá óska ég eftir því að þú skýrir fyrir okkur réttan skilning á ákvæðinu. Gott væri að fá viðbrögð frá þér svo fljótt sem verða má því óvissa af þessu tagi er ekki góð.

Með góðri kveðju

Pórarinn Eyfjörð  
framkvæmdastjóri

From: scan@sfr.is [mailto:scan@sfr.is]  
Sent: 16. apríl 2010 15:27  
To: Pórarinn Eyfjörð  
Subject: Message from KMBT\_C353

[attachment "SKMBT\_C35310041615260.pdf" deleted by Helga Hauksdóttir/UTN/NotesSTJR]